

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	22.12.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu sem snýr að upplýsingaskyldu rekstraraðila en engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða sjókvíaeldi Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði. Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 12.200 tonn. Sjókvíaeldissvæðin eru þrjú í Patreksfirði, Eyri, Sandoddi og Vatneyri. Sjókvíaeldissvæði er eitt í Tálknafirði, Laugardalur.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang 2021
- Útsetningar, slátrun og hvíld svæða
- Staðsetning eldissvæða, stöðvarskírteini og færsla kvíastæða
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Beiting stjórnvaldssekta

Þrjú frávik voru skráð í eftirliti árið 2021 og sjö ábendingar. Fyrsta frávikíð varðar koparlitaðar nætur sem settar voru í sjó án heimildar, heimild tók gildi 4. júní s.l. og hefur frávikinu því verið lokað. Annað frávikíð varðar tilkynningaskyldu rekstraraðila en Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um útsetningu á koparnótum án heimildar. Hefur stofnuninni ekki borist tímasett úrbótaáætlun vegna fráviksins, þannig að frávikíð telst opið. Þriðja frávikíð varðar það að aðskilja þarf gögn og skráningar eftir mismunandi starfsleyfum rekstraraðila eftir besta megni svo hægt sé að sinna eftirliti með starfseminni. Þrátt fyrir að rekstraraðila hefði verið bent á þetta við skil á árinu 2020 voru skráningar ekki aðskildar við skil ársins 2021. Gögn voru aðskilin í umhverfisupplýsingum sem skilað var árið 2022, því hefur frávikinu verið lokað.

Farið var yfir starfsleyfið í eftirlitinu og ekki neinar breytingar fyrirhugaðar. Hámarks lífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 12.200 tonn, heildarframleiðsla ársins 2021 var 8.899 tonn og lífmassi á hverjum tíma var innan heimildar starfsleyfis. Sett voru út seiði í Laugardal árið 2022.

Heildarlosun fosfórs var 4,3 kg/framleitt tonn sem er undir 9,0 kg/tonnum sem er hámarks leyfileg losun skv.gr. 3.4 í starfsleyfi.

Farið var yfir áhættumat 2022 fyrir tíðni eftirlits 2023.

Heimild til beitingar stjórnvaldssektar var kynnt fyrir rekstraraðila.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna. Umhverfisstofnun fór ítrekað fram á að fá upplýsingar vegna eftirlitsins sendar. Rekstraraðili veitti ekki upplýsingar þegar eftir þeim var óskað, sbr. 3 mgr. 62. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 4.2 í starfsleyfi. Upplýsingar bárust eftir ítrekaða ósk stofnunarinnar í tölvupósti þann 22. desember s.l.

Dauðfiskur er fluttur í land og settur í maurasýru til meltugerðar sem er svo sendur til endurvinnslu.

Farið var út í kvíar, meðhöndlun úrgangs og spilliefna var í samræmi við gr. 3.10 í starfsleyfi. Í skoðunarferð sáu hvorki fugl né marglyttur við kvíarnar.

Frávik frá**Lýsing á fráviki**

3 mgr. 62. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengnarvarnir og gr. 4.2 í starfsleyfi

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna. Upplýsingar bárust eftir ítrekaða ósk stofnunarinnar í tölvupósti þann 22. desember s.l.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.01.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

